

**Alþingi**  
Erindi nr. P 132/1975  
komudagur 2.5.2006



Alþingi  
Alþingishúsinu v/ Austurvöll  
B.t. nefndasviðs  
101 Reykjavík


Akureyri, 2. maí 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar**

Hjálagt sendist umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar samkvæmt beiðni með sem barst með tölvupósti þann 27. apríl sl.

Umsagnirnar voru áður sendar með tölvupósti þann 2. maí á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Virðingarfyllt,  
F.h. Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra

  
Helena P. Karlsdóttir, forstm.

## Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar frá starfsmönnum Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra

1. Það er jákvætt að úthlutunarnefndirnar skuli verða felldar niður. Starfsmenn/forstöðumenn sem munu ákvarða um rétt og niðurfellingu bótaréttar í flestum tilfellum er oft betur í stakk búinir til að taka ákvarðandi og hafa þá þann möguleika á að senda mál til hinnar einu nefndar sem ætlað er samræmingarhlutverk og taka á jaðarmálum. Hjá Svæðisvinnumiðlunum býr mikil þekking á lögunum og allri framkvæmd og reikna má með meira jafnræðis á milli mála.
2. 10. gr.  
Það er ósamræmi í skilyrðum 8. gr. frumvarps um vinnumarkaðsaðgerðir (vmaðg) og 10. gr. frumvarps um atvinnuleysistryggingar (atvltr).  
8. gr. vmaðg. = tilkynning skal vera skrifleg og á þar til gerðum eyðublöðum.  
10. gr. atvltr. = tilkynning skal gerð með sannanlegum hætti.  
Þetta er alveg ljóst þegar einstaklingar úr öðrum greiðslukerfum en atvinnuleysistryggingakerfinu segir sig frá vinnumarkaðsúræði, þá er farið eftir 8. gr. en það er óljósara hvernig með skuli fara þegar einstaklingur er á atvinnuleysisbótum hvorum lögunum á að fara eftir varðandi tilkynningu um að skráningu sé hætt, 8. gr. vmaðg. eða 10. gr. Atvltr? Þetta þarf að vera ljóst því skv. 9. gr. atvltr. felur umsókn um atvinnuleysisbætur í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.  
Skilgreina þarf „með sannanlegum hætti“ þetta er óljóst í framkvæmd.  
Reynslan hefur sýnt að hluti atvinnulausra láta ekki vita þegar þeir hætta á bótum. Það að þurfa að afskrá sig á sannanlegan hátt kann að valda pirringi á meðan atvinnuleitenda þar sem þeim finnst nú þegar nóg um pappírslöð.  
Það að atvinnuleitandi tilkynni ekki afskráningu og fá e.t.v. greiðslur áfram samhliða launagreiðslum þarf að greiða til baka eftir á og það kann að valda erfiðleikum.  
Þrátt fyrir að það sé brýnt fyrir fólki að það þurfi að afskrá sig með sannanlegum hætti þá kann það að gleyma þessu atriði þegar það hefur verið á bótum í einhverja mánuði og fær loks vinnu. Þá er það að hugsa um allt önnur atriði en að afskrá sig með sannanlegum hætti. Þetta hefur reynslan sýnt.
3. Virkir dagar vs. bótadagar. Það þarf að liggja ljóst fyrir. Bótadagar eru dagar þegar viðkomandi hefur þegar skráð sig á atvinnuleysisbætur en virkir dagar eru dagar án tillits til þess hvort viðkomandi hefur skráð sig.
4. Tengist atriði 3. Uppsögn úr fyrra starfi 54 grein og námi hætt 55 grein: Hér er farið að tala um missi bóta í ákveðin fjölda virkra daga frá ákveðni dagsetningu það getur komið upp ágreiningur um hvernig beri að túlka þetta.  
Dæmi: Ef einstaklingur sækir um bætur 1.9.2006 og hefur sagt upp fyrri vinnu rennur biðtími viðkomandi út 26.10.2006 óháð því hvort hann hafi verið á skrá hjá okkur allan þann tíma eða ekki?

5. Höfnun úrræðis 57, 58, 59 og 60 grein: Hér er farið að tala um missi bóta í ákveðin fjölda virkra daga frá ákveðni dagsetningu það getur komið upp ágreiningur um hvernig ber að túlka þetta.
6. Skilgreina þarf muninn á atvinnuleysistryggingum og atvinnuleysisbótum. Talað er um bæði hugtökin. Er verið að tala um sama hlutinn? Getur valdið misskilningi
7. Af hverju er verið að tala um tryggingarhlutfall í 33. gr. og óskertur réttur til atvinnuleysisbóta í 36. gr. Af hverju er ekki tala um saman hugtakið. Er einhver mismunur á þessum hugtökum?
8. 2. mgr. 50. gr. er hún ómarktæk vegna þess að menn tilgreina ekki óskastarf þar sem verkfall eða verkþann er yfirvofandi?
9. höfnun starfs innan 40 daga. Þarf það ekki að vera innan sömu starfsgreinar? Þetta atriði tengist líka 2. mgr. 50. gr.
10. Verkalýðsfélag sem fer í verkfall. Er það jafnræði þegar þeir sem þegar eru á skrá og greiða í viðkomandi vlf. fá að halda bótunum en þeir sem koma inn við verkfall eða þegar verkfall er skolið á fá ekki bætur fyrstu 4 vikurnar
11. Sá sem nýtir tekjutenginguna aðeins að hluta í upphafi tímabils (t.d. 1 mánuð) hefur þar með ekki klárað þrjá mánuðina, á hann rétt á fá að sem upp á vantar ( 2 mán.) þegar hann kemur inn aftur á sama bótatímabil (innan 24 mánuðina). Þetta er ekki skýrt
12. Sá sem er byrjaður á tekjutengdum bótum hafnar úrræði t.d. eftir 1 mánuð og fellur út af bótum í 40 daga, á hann rétt á tekjutengdum bótum aftur eftir biðtímann? Skerðast tekjutengdu dagarnir? Ekkert í lögnum sem segir að svo sé.
13. Er jafnræðis gætt milli þeirra sem segja upp og eiga þ.a.l. ekki rétt á tekjutengingunni og þeirra sem hafna starfi á tekjutengingartímabilinu, missa bætunna í 40 daga og fara inn á tekjutenginguna aftur.
14. Það að viðkomandi eigi ekki rétt á tekjutengingu ef hann segir upp störfum þá getur verið að verið sé að opna fyrir þann möguleika að vinnuveitendur gefi upp aðrar ástæður en eigin uppsögn til að liðka fyrir því að viðkomandi fari strax inn á bætur og þ.a.l. inn á tekjutengingu.
15. 25. gr. Svara þarf spurningunni hvað felist í „lokið námi“. Þarf því að vera lokið með prófskírteini eða bara önn lokið? Þetta atriði þarf að vera alveg ljóst.
16. Hvað þýðir „tryggingahlutfall“?
17. 36. gr. hvað þýðir „óskertur réttur hans til atvinnuleysisbóta“?

18. Bráðabirgðaákvæði II þarf að skýra betur. Er óljóst.
19. Brb.ákvæði III þarf að skýra betur. Er óljóst.
20. Þegar reiknaðar eru út tekjutengdar bætur og viðkomandi hefur unnið styttri tíma en 6 mánuði er þá deilt í þá með 6mán. eða fjölda þeirra mánaða sem viðkomandi var í vinnu. Þetta þarf að vera skýrt. Samkvæmt ákvæði frumvarpsins er hægt að túlka það með tvennum hætti. Ef alltaf er deild í með 6 þá lækkar tekjutengingin.
21. Tekjutengingin kemur ekki þeim til góða sem eru með lægstu launin.
22. 31. gr. samfelld tímabil – Hér ætti að taka út samfelld. Það er nú svo að algengt er að fólk vinni hjá fleiri en einum vinnuveitanda og það getur alltaf orðið rof á vinnu vegna þessa. Hér ætti að standa..... eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði.....  
Þetta er mjög raunhæft sérstaklega úti á landi þar sem tímabundin ráðning virðist vera frekar meginregla en undantekning.
23. Gildistakan er ekki á heppilegum tíma þar sem mikill hluti starfsmanna er í sumarfrí. Það er ekki heppilegt að taka í gildi heila lagabálka þegar starfsfólk er í frí og aðrir eiga eftir að fara í frí. Það liggur ekkert fyrir um hvernig þessi lög eiga að framkvæmast og það er afar óheppilegt að gildistaka þeirra verði 1. júlí.
24. Endurmat á rétti til atvinnuleysistrygginga skv. 38. gr. Það er ekki víst að fólk geri sér grein fyrir þessu. Það á að vera regla frekar en undantekning að endurútreikningur eigi sér stað í hvert skipti
25. Starfsmennirnir eru sammála um að það er miður að regluleg skráning/stimplun skuli vera felld niður. Það opnar á ákveðna möguleika.  
Hægt væri að hafa reglulega skráningu en þó sveigjanlega. Ef regluleg skráning fellur niður þá er möguleiki á að vinnumiðluninni verði gert erfiðara fyrir þar sem það er oft erfitt að ná í fólk í gegnum netið, síma og sms. Tengslin við atvinnuleitendur minnka. Það að hafa reglulega skráningu næst betur í atvinnuleitendur.  
Á hvað getur verið opnað:  
Konur að koma úr fæðingarorlofi. Þær hafa með þessu fyrirkomulagi meiri tækni á að framlengja orlofinu. Þær segjast geta tekið starfi fyrirvaralaust en vita sem er að þær þurfa ekki að tilkynna sig reglulega. Þetta er byggt á reynslu.  
Fólk getur verið í frí í útlöndum  
Gæsluvarðhaldsfangar geta setið í gæslu og þegið samt bætur því það er ekki víst að skrifstofunum verði tilkynnt um gæsluvarðhaldið.  
Reynslan er sú að þeir sem ætla sér að komast hjá ráðgjöf/miðlun í störf gera það. Það eru margir sem láta ekki ná í sig. Þegar atvinnutækifærin er fá þá er möguleikinn meiri.

26. Það að tengja fjármagnsbætur atvinnuleysisbótum getur valdið erfiðleikum því það er ekki ljóst fyrr en ári síðar. Lendum í sömu aðstöðu og TR varðandi endurgreiðslu.
27. Aðgangur að sérfræðilækni er oft ekki mikill á landsbyggðinni. Getur valdið erfiðleikum.
28. „allar þær upplýsingar um vinnufærni rökstuddar fullnægjandi gögnum”. Á þetta líka við um þá sem ekkert er að. Þurfa þeir að leggja fram staðfestingu um að þeir séu færir til allrar vinnu eða á þetta aðeins við um þá sem eru með skerta vinnufærni. Þetta er óskýrt orðalag. Miðað við reynsluna í samskiptum við lækna þá eru læknisvottorðin óljós og oft ekki fullnægjandi.

Akureyri, 2. maí 2006

Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður